



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 30.09.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri. Viðar Erlingsson boðaði forföll.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 9. September var lögð fyrir og samþykkt.
- Lagt var til að framvegis verði fundagerðir sendar sérstaklega til formanna allra deilda til að upplýsa þá um þau mál sem rædd eru á aðalstjórnarfundum.

2. 8 mánaða uppgjör

- Fjármálastjóri kynnti 8 mánaða uppgjör félagsins .
 - 8 mánaða uppgjör félagsins sýnir að afkoma félagsins er jákvæð sem má að mestu leyti skýra með góðu gengi m.fl karla í knattspyrnu í sumar.
 - Uppgjör félagsins var samþykkt.

3. Endurskoðun áætlana

- Handbolti – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Áætlun deildarinnar var samþykkt.
- Körfubolti – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Áætlun barna- og unglingsstarfsins var samþykkt
 - Áætlun meistaraflokksins var vísað frá til frekari skoðunar.
 - Athugasemdir voru gerðar við skuld flokksins við aðalstjórn og kallað eftir að fram kæmu í áætlun upplýsingar um það með hvaða hætti hún væri greidd niður..
 - Farið var yfir nánari greiningu á styrkjum og fjáröflunarverkefnum.
 - Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra var falið að vinna áætlunina betur með körfuknattleiksdeild fyrir næsta aðalstjórnarfund.
- Fimleikar – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Lögð var áhersla á að nauðsynlegt væri að deildin hækki æfingagjöld um áramót til að mæta halla deildarinnar. Áætlun deildarinnar gerir ráð fyrir hækkunum.
 - Rædd var tillaga framkvæmdastjóra og fjármálastjóra um aðstoð aðalstjórnar við fimleikadeild vegna halla á rekstri deildarinnar. Tillagan var samþykkt svo framarlega sem rekstrarstyrkur frá bænum hækki í nýjum samningum við félagið.
 - Áætlun deildarinnar var samþykkt.

4. Áætlun m.fl kvk. vegna Meistaradeildar Evrópu lögð fram

- Áætlunin var samþykkt.



5. Nýr samstarfssamningur við Garðabæ

- Lögð voru fyrir drög að bréfi til bæjarstjórnar
 - Góðar umræður áttu sér stað og lagðar til ýmsar breytingar
- Drög að kynningu fyrir bæjarstjórn Garðabæjar auk embættismanna var kynnt
 - Góðar umræður voru um kynninguna og lagðar til ýmsar breytingar
 - Einhugur var um rauða þráðinn í kynningunni og hvernig hún væri lögð upp.

6. Erindi frá blakdeild um strandblaksvelli

- Erindi barst frá blakdeild Stjórnunnar um aðkomu deildarinnar að byggingu strandblaksvalla.
- Óskað var eftir því að framkvæmdastjóri mundi vinna erindið betur með deildinni og leggja fyrir aftur á næsta aðalstjórnarfundi

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri kynnti athugun sína um áhuga birgja að vinna með UMF Stjórnunni í heild sinni þess efnis að útvega félagsbúning og keppnisgalla fyrir allt félagið.
 - Kynnt voru tilboð frá nokkrum birgjum.
 - Lagt var til að vinnan yrði kynnt á félagsráðsfundi.

8. Önnur mál

- Formaður kynnti fund á vegum UMSK þar sem formenn aðildarfélaganna í Garðabæ voru boðaðir til að ræða stofnun samstarfsráðs aðildarfélaganna í Garðabæ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15. Ritað J.Egils